

Fundargerð Deltafundar ásamt Epsilonkonum
26. apríl 2025 í Landnámssetri Íslands í Borgarnesi

Mættar voru 8 Deltakonur og 11 Epsilonkonur. Theodóra Þorsteinsdóttir formaður Delta setti fundinn kl. 11:00 og Margrét Guðmundsdóttir formaður Epsilon kveikti á ketrum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi og hver og ein kona kynnti sig stuttlega.

Því næst var Sigríður Guðnadóttir Epsilonkona með mjög skemmtilegan upplestur. Hún hefur verið að skrifa dagbók og las fyrir okkur færslu frá í mars síðastliðnum þar sem hún fer meðal annars í Smáralindina og segir skemmtilega frá búðarferðum þar. Hún verslaði eitt og annað en hafði svo glatað veskinu sínu og símanum. Einstaklingur fann og skilaði veskinu hennar sem hafði orðið eftir í innkaupakerrunni, Sigríður var þakklát þeim heiðarlega einstaklingi.

Margrét var með „orð til umhugsunar“ og talaði fallega útrfa orðunum okkar, Vinátta – Trúmennska – Hjálpsemi, góð hugleiðing.

Theodóra sagði síðan örlítið frá Landnámssetrinu, tilurð þess og umfangi, talaði um nágrennið hér í neðribænum og Skallagrímssgarðinn. Í framhaldinu komu spurningar meðal annars um Tónlistarskóla Borgarfjarðar og starfið þar sem Theodóra leiddi í 30 ár. Hún sagði frá starfi sínu og söngleikjunum sem hún hefur sett upp frá árinu 2004 en það ár fékk skólinn sitt eigið húsnæði. Síðustu árin hafa dætur hennar unnið með henni með söngleikina. Nú er hún hætt hér í Borgarnesi, en setti upp tvo söngleiki í Tólistarskólanum á Akranesi í vetur með dóttur sinni og Jónínu Ernu Arnardóttur Deltakonu og skólastjóra.

Því næst æfðum við afmælislagið okkar nokkrum sinnum og þá var komið að hádegisverðarhlaðborði. Lag og texti afmælis söngsins hlaut lof fundarkvenna.

Happdrættið á sínum stað og fékk Harpa Björnsdóttir Epsilonkona vinninginn sem Sigrún Jóhannesdóttir Deltakona kom með.

Áður en haldið var heim á leið sungum við lagið okkar einu sinni og tilbúnar að taka lagið á afmælisráðstefnunni 10. maí næstkomandi. Konur úr öllum deildum Landsambandsins koma til þingsins í vor.

Góður dagur í góðum félagsskap. Fundi slitið kl. 13:30.

Fundarritari: Theodóra Þorsteinsdóttir